

vöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en 17% ársvöxtum frá þeim degi til 4.12. 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og áfram með sömu vöxtum eða öðrum þeim vöxtum sem upplýst verður að séu hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags og kr. 57.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 177/1986. **Guðný Gunnlaugsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Ingibjörgu Magnúsdóttur
(Benedikt Blöndal hrl.)

Vinnusamningar. Samningsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí s.á. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Eigi er véfengt, að áfrýjandi hafi falið móður sinni að sjá um fjármál umræddrar hárgreiðslustofu áfrýjanda. Vísaði móðir áfrýjanda á eiginmann áfrýjanda, er stefnda krafði um skil á vinnulaunum, en hann var þá staddur hér á landi. Verður samkvæmt því ekki talið, að hann hafi haft afskipti af störfum stefndu í algjöru

heimildarleysi, hvað sem líður heimild hans til að segja stefndu upp störfum.

Leggja ber til grundvallar, að í viðræðum stefndu og eiginmanns áfrýjanda hafi hún verið borin sökum sem hafi gefið henni tilefni til að draga í efa, að áfrýjandi vildi hafa hana áfram í starfi. Verður áfrýjandi að bera hallann af því, að af hennar hálfu var ekki tekið af skarið í þessum efnum með áskorun til stefndu að koma til vinnu þrátt fyrir þá misklið, sem þannig hafði orðið. Ber þess vegna að miða við, að stefndu hafi verið rétt að ganga út frá því, að henni væri vikið úr starfi hjá áfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi ítrekað mótmæli sín gegn fjárhæð þeirrar kröfu, sem stefnda gerir í máli þessu, og auk þess haldið því sérstaklega fram, að greiðsla til stefndu, að fjárhæð 3.500,00 krónur samkvæmt ávísun útgefni 3. nóvember 1981 af áfrýjanda til stefndu, hafi ekki verið látin koma til frádráttar. Í reikningi stefndu fyrir vinnu í október 1981 er greint frá innborgun 1. nóvember 1981 að fjárhæð 3.500,00 krónur, sem stefnda heldur fram að sé greiðsla samkvæmt nefndri ávísun. Hefur því ekki verið hnekkt. Mótmæli áfrýjanda gegn kröfufjárhæðinni hafa heldur ekki að öðru leyti verið studd nægilegum rökum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjanda dóms um annað en greiðslu vaxta frá gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987. Eftir að síðstgreind lög felldu úr gildi lög nr. 56/1979 um dómvexti, verður að skilja kröfu stefndu um staðfestingu dómvaxtaákvæðis héraðsdóms svo, að hin dæmda fjárhæð beri vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefndu 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist hæstu innlánsvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Guðný Gunnlaugsdóttir, greiði stefndu, Ingi-björgu Magnúsdóttur, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. febrúar 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. febrúar 1986, hefir Ingibjörg Magnúsdóttir, 4626-7168, Heiðargerði 4, Keflavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 6. maí 1985 á hendur Guðnýju Gunnlaugsdóttur, 3158-1966, áður til heimilis að Hjallabraut 6, Hafnarfirði, en nú með heimilisfang Branddammsbacken 37, 424 36 Angred, Svíþjóð.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 11.211,00 með 37% ársvöxtum frá 7.11. 1981 til 1.11. 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 33% ársvöxtum til stefnubirtingardags, en með lómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar.

II.

Stefnda, sem er hárgreiðslumeistari, átti og rak hárgreiðslustofuna Meyjuna að Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði. Í ágústlok 1981 fluttist stefnda til Svíþjóðar ásamt manni sínum Frímanni Vilhjálmsyni. Réðst stefnandi, sem hefur og hafði sveinsréttindi í hárgreiðslu, þá til hennar eftir blaðaauglýsingu og hóf störf hinn 27. ágúst. Kveður stefnandi ráðningarsamninginn ekki hafa verið tímabundinn; það hafi þó verið minnst á að stefnda reiknaði með að verða svo sem ár erlendis.

Stefnandi hóf nú störf og hafði ekki annað samstarfsfólk en einn lærling. Þó var því svo hagað að móðir stefndu sá um fjármálin. Kom hún á kvöldin og sótti það sem komið hafði inn yfir daginn. Greiddi hún stefnanda launin. Stefnandi var á vikukaupi. Er á leið fóru launagreiðslur að dragast. Kveðst stefnandi iðulega hafa gengið eftir kaupi sínu við fjármálastjóran, móður stefndu. Í nóvemberbyrjun voru launagreiðslurnar orðnar u.þ.b. mánuði eftir á.

Við verkalok miðvikudaginn 4. nóvember 1981, þegar fjármálastjórin kom að venju að sækja það sem komið hafði inn yfir daginn, kveðst stefnandi enn hafa ámalgað þetta með kaupið sitt. Fjármálastjórin hafi þá sagt að tengdasonur sinn, eiginmaður stefndu, Frímann, væri hérlendis og stefnandi skyldi tala við hann.

Um kvöldið hafi svo Frímann hringt að fyrra bragði. Ekki hafi hann fallist á að greiða, heldur hafi hann tekið að finna að störfum stefnanda.

Orðaskiptum hafi lokið með þessum orðum Frímanns: „Skilaðu lyklinum og þú mætir ekki frammar inn á hárgreiðslustofuna Meyjuna.“

Stefnandi kvaðst ekki hafa haft í hyggju að segja upp, það hafi verið hentugt fyrir sig vegna búsetu í Hafnarfirði að vinna þarna og sér hafi líkað vinnan vel. „Ég sagði við hann að ég væri orðin þreytt á þessum viðskiptum, mér fyndist ekki nema eðlilegt að kaup ætti að vera greitt á réttum tíma, þar sem ég mætti á réttum tíma í vinnu og færi á réttum tíma úr vinnu, og ég krafðist þess að hann sýndi réttlæti á móti. Þá kom þetta upp á móti að hann bar það mér á brún að ég hefði komið dónalega fram við kúnna. Ég varð mjög sár, ég grét alveg hástöfum og maðurinn minn tók við símtólinu og spurði hvað um væri að vera. Mér sárnaði þetta alveg óskaplega því mér fannst ég alls ekki eiga það skilið að fá þetta.“

Stefnandi kvaðst síðan hafa beðið nemann fyrir lykilinn til Frímanns. Hún kvaðst morguninn eftir hafa hringt til þeirra kvenna sem áttu pantaða tíma, til þess að þær færu ekki erindisleysu.

Hún kvaðst ekki hafa haft samband, hvorki við eiginmann né móður stefndu, til þess að bjóða fram vinnu sína út uppsagnarfrest og hvorugt þeirra hafi haft samband við sig til þess að ganga eftir því að hún kæmi aftur og ynni út uppsagnarfrestinn.

Stefnandi kvaðst um miðjan nóvember hafa hafið starf á annarri hárgreiðslustofu, Rakarastofunni Klapparstíg, þar sem hún vann áður.

III.

Stefnukrafan er þannig sundurliðuð:

Laun í október 150 klst. á kr. 60/-	kr.	9.000,00
29 klst. á kr. 80/-	“	2.320,00
		<hr/>
	kr.	11.320,00
Ógreidd laun í nóvemberm. 36 klst.		
kr. 60/-	“	2.160,00
1 klst. á kr. 80/-	“	80,00
		<hr/>
	kr.	2.240,00
8.33% orlof af launum frá ágúst til nóvember af kr. 25.820,00	“	2.151,00
		<hr/>
	kr.	15.711,00
÷ greitt í október	“	4.500,00
		<hr/>
Samtals	kr.	11.211,00

Fram er komið í málinu að umgetin 4.500,00 króna innborgun greiddist með kr. 1.000,00 hinn 24. október og með kr. 3.500,00 hinn 3. nóvember. Einnig er fram komið að við upphaf þess tímabils sem launakrafa stefnanda tekur til, þ.e. hinn 1. október, átti stefnandi inni laun að fjárhæð kr.

5.974,00 sem greiddust með kr. 2.000,00 hinn 5. október og kr. 3.974,00 hinn 14. október.

Stefnukrafan er tölulega óumdeild, en stefnda bendir á, svo sem til vara, verði ekki á sýknukröfu fallist, að í stefnukröfu eru innifaldir dagarnir 5. og 6. nóvember, 16 st. á kr. 60,00 = 960,00.

IV.

Krafa stefndu um sýknu er á því byggð að hún eigi bótakröfu á hendur stefndu vegna fyrirvaralauss brotthlaups, sem nemi hærrí fjárhæðum en stefnukrafan. Tölulega hefur stefnda sundurliðað þessa bótakröfu þannig að hún eigi að nema sem svarar dagvinnulaunum stefnanda á eins mánaðar uppsagnarfresti, miðað við mánaðamót. Vegna nóvembers kr. 8.640,00 og vegna desembers kr. 10.080,00, samtals kr. 18.720,00.

Stefnda telur að brotthlaup stefnanda hafi valdið sér ómældu tjóni. Starfsemi stofunnar hafi fyrirvaralaust lagst niður. Stefnandi hafi jafnvel gengið svo langt að taka sig fram um það, eftir að hún hætti, að hringja í kúnna og spilla viðskiptum stofunnar. Stefnda hafi orðið að selja og það fyrir miklu lægra verð en ef stofan hefði verið seld í fullum rekstri.

Raunar var því haldið fram af hálfu stefndu við upphaf málsmeðferðarinnar, sem afsannaðist undir rekstri málsins, að stefnandi hefði sjálf verið búin að setja upp hárgreiðslustofu og notað tækifærið til þess að ná til sín viðskiptavinum stefndu. Ennfremur að stefnandi hefði tekið ófrjálsri hendi áhöld af hárgreiðslustofunni til heimavinnu; því hefir stefnandi eindregið mótmælt og stefnda ekkert fært fram því til stuðnings.

V.

Af hálfu stefndu er þeirri málsástæðu stefnanda að henni hafi vegna vangreiðslu launa verið rétt að láta fyrirvaralaust af störfum mótmælt sem of seint fram kominni, þar sem hennar sé ekki getið í stefnu.

Í stefnu segir um rökstuðning kröfunnar:

„Þann 4. nóvember 1981 var stefnanda fyrirvaralaust sagt upp störfum. Þegar stefnandi lét af störfum fór ekki fram endanlegt uppgjör á milli stefnanda og stefndu og átti stefnandi þá inni ógreidd laun vegna októbermánaðar og nóvembermánaðar, auk orlofs af launum frá ágúst til nóvemberloka ...

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum íslensks réttar um loforð og samninga og kjarasamninga milli hárgreiðslumeistara og sveina.“

Meira er það nú ekki.

Þá hefir því verið eindregið mótmælt af hálfu stefndu að eiginmaður hennar hafi haft nokkurt umboð til þess að koma fram fyrir hennar hönd.

Álit réttarins.

Hvorki eiginmaður né móðir stefndu hafa gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu og sjálf hefir stefnda aðeins gefið skriflega aðilayfirlýsingu í formi bréfs til lögmanns gagnaðila síns.

Þegar stefnandi lét af störfum átti hún hjá stefndu ógreidd laun er námu u.þ.b. eins mánaðar launum, en hún var á vikukaupi.

Byggja má á þeim framburði stefnanda að hún hafi ítrekað krafið um laun sín, síðast í símtali að kvöldi hins 4. nóvember. Viðmælandi hennar þá var eiginmaður stefndu, sem hún að sjálfsögðu mátti, eins og á stóð, líta á sem umboðsmann stefndu. Orðaskipti í framhaldi af þeirri kröfu leiddu til þess að stefnandi mætti ekki aftur til starfa hjá stefndu. Af hálfu umboðsmanna stefndu, eiginmanns hennar og móður, var ekki eftir því gengið að stefnandi ynni út uppsagnarfrest. Styður það athafnaleysi eindregið þá fullyrðingu stefnanda að umboðsmaður stefndu hafi sagt henni að skila lyklinum og mæta ekki framár á hárgreiðslustofunni.

Að þessu athuguðu verður að telja, í fyrst lagi að stefnandi hafi átt rétt til þess að rifta ráðningarsamningnum vegna vangreiðslu á launum, í öðru lagi að umboðsmaður stefndu hafi fyrirvaralaust vikið henni úr starfi, og í þriðja lagi hafi stefnda eða umboðsmaður hennar valdið tjóni sínu sjálf og aukið það með því að staðfesta með tómlæti skilning stefnanda á brottrekstrinum, í stað þess að hafa við hana samband og krefja hana um vinnuframlag á uppsagnarfresti og koma launagreiðslum í skil.

Af þessum sökum þykir stefnda ekki geta haft uppi til sýknu umrædda bótakröfu. Með því að stefnukrafan er óumdeild, að frátöldu tveggja daga kaupi sem stefnandi á rétt á, þá verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Málkostnaður ákveðst kr. 20.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Guðný Gunnlaugsdóttir, greiði stefnanda, Ingibjörgu Magnúsdóttur, kr. 11.211,00 með 37% ársvöxtum frá 7.11. 1981 til 1.11. 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 33% ársvöxtum til stefnubirtingardags 5.6. 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.